



Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2019-2021



Eyrún Jóna Reynisdóttir
Apríl 2021

Efnisyfirlit

Um Leikskólann	3
Umhverfisnefndir	3
Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum.....	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Eftirlit og endurmat	6
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	7
Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:	7
Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann.....	8
Tenging við aðalnámskrá	9
Tenging við skólanámskrána	9
Að upplýsa og fá aðra með	10
Umhverfissáttmáli	11
Lokaorð	12
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir	13
Fylgiskjal 2 – Gátlisti – vor 2019	23
Fylgiskjal 3 – Gátlisti - vor 2021	26
Fylgiskjal 4 – Mánaðartengd grænfánaverkefni.....	28

Um Leikskólann

Einkunnarorð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru:
Vellíðan – Virðing – Metnaður – Samvinna.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Leikskólasvið skólans heldur sínu nafni, Skýjaborg og er í sér húsnæði. Skýjaborg er tveggja deilda og eru um 40 börn frá 1-6 ára. Skýjaborg flaggaði sínum fyrsta Grænfána 2010, öðrum 2012, þriðja 2014, fjórða 2017 (þrjú ár voru á milli til að samstillast Skýjaborg og Heiðarskóla) og fimmta 2019. Hér lítur því dagsins ljós sjötta skýrsla Grænfánaverkefnis leikskólans Skýjaborgar. Þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn var ákveðið að fara í gagnngera endurskoðun á skólanámskránni og tryggja að umhverfissjónarmið væru eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Þannig er ekki megináhersla á að vinna afmörkuð verkefni er lúta sérstaklega að umhverfisvernd, heldur að í öllu starfi og skipulagi sé hugsað um að tengja við umhverfis- og náttúruvernd og fræðslu. Við endurgerð skólanámskrár og uppfærslum hefur þessu vinnulagi verið viðhaft.

Allt skipulag innanhúss miðar að því að það sé auðvelt og eðlilegt að hugsa um hvað við kaupum inn, hverju við hendum og hvernig við göngum um okkar nærumhverfi. Starfsfólk er sammála um að þessi leið sé góð og að auðvelt sé að vinna með verkefnið þegar það er unnið sem partur af öllu starfinu.

Þegar við unnum að skrefunum sjö (2009-2010), unnum við sérstaklega með þemun rafmagn og vatn, endurbættum umhverfissáttmálann og lögðum áherslu á að raddir barna fengju að heyrast meira í umræðu um umhverfismál. Næstu ár á eftir, 2010-2014, héldum við áfram að vinna með þemað vatn, einnig unnum við með þemun úrgangur og áttthagar. Áhersla 2014-2017 var á áttthaga og lýðheilsu og 2017-2019 á þemun *neysla og úrgangur og áttthagar og landslag*. Áhersla síðustu tveggja ára hefur verið á þemun *vatn og lífbreytileiki*.

Í skýrslunni er farið yfir stöðu umhverfismála í leikskólanum, þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum, ásamt yfirförnum gátlista um umhverfismál í leikskólanum, fundargerðum umhverfisnefnda og öðrum fylgiskjöllum.

Umhverfisnefndir

Í Skýjaborg eru börn í elsta árgangi í umhverfisnefnd ásamt sínum kennara og leikskólastjóra. Síðan haustið 2010 hefur elsti árgangurinn verið í umhverfisnefnd og er áherslan á að hlusta á þeirra viðhorf, skoðanir og hugmyndir. Á fundum er farið vel yfir hlutverk umhverfisnefndarinnar, Grænfánaverkefnið og er reynt að vekja ábyrgðarkennd barnanna fyrir nánasta umhverfi okkar. Fundirnir eru misformlegir eftir viðfangsefnum fundanna. Stundum er fundurinn hefðbundinn, þar sem setið er við borð eða í hring og spjallað um ákveðið viðfangsefni en stundum er viðfangsefnið þannig að það er gert í verki og rætt við börnin á meðan unnið er að ákveðnu umhverfisverkefni. Oftast kemur það fram í fundargerðunum.

Umhverfisnefnd starfsmanna er óformleg. Þeir tveir kennarar (kennari og leikskólastjóri) sem sitja með börnunum hafa yfirumsjón með verkefninu og halda grænfánafundi með öllu starfsfólki á skipulagsdögum. Ekki eru teknar ákvarðanir nema allt starfsfólkið sé með í ráðum.

Umhverfisnefnd barna fundaði 13 sinnum á tímabilinu. Umhverfisnefnd fullorðinna fundaði tvisvar sinnum á tímabilinu. Niðurstöður funda voru skráðar í fundargerðir (Sjá í fylgiskjali 1).

Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum

Leikskólinn tók þátt í Erasmus+ verkefni frá 2018-2020 á vegum Landverndar: Lifandi náttúra: Lífbreytileiki á tækniöld. Í upphafi tímabilsins tók umhverfisnefnd starfsmanna ákvörðun um að áhersla yrði þetta tímabil lífbreytileika, þar sem verið væri að vinna með það í Erasmus+ verkefninu. Kennari og leikskólastjóri sem sitja með umhverfisnefnd barna tóku ákvörðun um að fá starfsfólkið í lið með sér að velja hitt þemað og samþykkja lífbreytileikann. Farið var yfir öll þemun og svo kaus starfsfólkið. Vatn varð fyrir valinu. Umhverfisnefnd barna gerði umhverfismat með því að fara yfir gátlista þessara tveggja þema.

Í lok tímabilsins fór umhverfisnefnd barna aftur yfir gátlista þemanna tveggja, vatn og lífbreytileiki. Góð umræða myndaðist og börnin sáu hvað þau höfðu gert/lært. Notast var við sama gátlistann og sjá má breytingarnar í fylgiskjali 3.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Umhverfisnefnd starfsmanna ákvað þemu út frá Erasmus+ verkefni. Sett var upp aðgerðaráætlun í ágúst 2019. Hér má sjá aðgerðaráætlunina:

Aðgerðaáætlun Grænfánans						
Dagsetning: ágúst 2019						
Umhverfisnefnd: Starfsmenn Skjáborgar / elsti árgangur leikskóla						
Þema	Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgir aðilar	Efni/Áhöld	Tímarammi	Árangursmat
Vatn	1. Að börnin þekki hugtakið vatn og mikilvægi þess fyrir lífríki jarðarinnar.	a. Umræður í minni hópum. Hvað er vatn? Fá fram þeirra hugmyndir fyrst og umræður í framhaldi. b. Skoða í hvað við notum vatn. Umræður. c. Fara í gönguferðir og finna vatn. Hvaðan kemur það? Hverjir nýta þetta vatn? d. Hvernig spörum við vatn?	Deildarstjórar og hópstjórar	Blíð, skriflæri, bækur, ípæð.	Veturinn 2019-2020	1. Niðurstöður umræðna skráðar. 2. Gönguferðir skráðar og umræður eftir. 3. huglægt mat hópstjóra. 4. Stafræn skráning af ferli.
Vatn	2. Að börnin þekki hringrás vatns.	a. Fá fram hugmyndir barna um hvernig vatn verður til / hringrás vatns. b. Vinna myndverk sem sýnir hringrás vatns. c. Fara í gönguferðir og finna vatn. Hvaðan kemur það? Hvert fer vatnið? Hverjir nýta þetta vatn? d.	Deildarstjórar og hópstjórar	Blíð, skriflæri, bækur, ípæð.	Veturinn 2020-2021	1. Niðurstöður umræðna skráðar. 2. Myndverkið. 3. Stafræn skráning af ferli.

Vatn	3. Að börnin þekki mismunandi birtingarform vatns.	a. Skoða hvernig vatn gufar upp. Hvernig vatn frís. Hvað verður um snjó sem bráðnar.	Deildarstjórnar og hópstjórnar		Veturinn 2020-2021	1. Niðurstöður umræðna skráðar. 2. Stafræn skráning af ferli.
		b. Kynna fyrir börnum birtingarmyndir vatns og hringrás þess. Ræða/skoða hversu hreinn/skítugur klakinn/snjórinn er (sést vel þegar allt er bráðnað í skál). Afhverju vatnið breytir um form og í framhaldi af því afhverju það breytir um form í náttúrunni eftir árstíðum (áhrif hitastigs). Hvernig vatn/klaki/snjór sé á litinn o.fl.		Klaci - Snjór - 2x glerskál. Myndir og/eða bækur um vatn/hringrásina sem innlegg í umræður og útskýringar ef vill.		
		Málörvun: Leggja inn orð og hugtök tengd vatni svo sem; bráðnun/bráðna - vatn - klaci - snjór - krap - gufa - uppgufun - vatnsyfirborð - hitastig - frostmark - frost - fast form - fljótandi form - o.s.frv.				
		c.				
		d.				
Lífreytileiki	4. Vinna eftir og klára Erasmus+ verkefnið sem fjallar um lífbreytileika.	a.	Leikskólastjóri og deildarstjóri reynboga	Sjá verkefnis lýsingu Erasmus+ verkefnis.	2019-2020	Sjá verkefnis lýsingu Erasmus+ verkefnis.
		b.				
		c.				
		d.				
Lífreytileiki	5. Gefa smáfuglum að vetri til.	a. Umræður - hvaða fuglar eru í nágrenni skólans?	Deildarstjórnar og hópstjórnar	Það sem þarf í fuglafóður t.d. Korn, feiti o.fl. Fuglabækur, lpad, sjónauki.	Jan-mars 2020 og 2021	1. Niðurstöður umræðna skráðar. 2. Stafræn skráning af ferli.
		b. Hvað borða fuglar?				
		c. Búa til fuglafóður og gefa fuglunum að vetri til.				
		d. Fylgjast með ferðum fuglanna.				

Aðgerðaráætlunin hékk uppi í undirbúningsherbergi frá því hún var tilbúin og út grænfánatímabilið. Það gerði kennurum kleift að hafa þetta fyrir framan sig og tækifæri til upprifjunar.

- Markmið 1 – Að börnin þekki hugtakið vatn og mikilvægi þess fyrir lífríki jarðarinnar

Vel gekk að ná þessu markmiði. Börnin voru meðvituð um að vatn komi úr skýjunum. Börnin settu niður fræ og fylgdust með því vaxa og verða að blómi. Börnin voru vel meðvituð um að fræ og blóm þurfi vatn til að vaxa og dafna. Þau eru líka meðvituð um að vatn sé nauðsynlegt fyrir mannfólkið og að vatn sé besti svaladrykkurinn.

- Markmið 2 – Að börnin þekki hringrás vatns

Vel gekk að ná þessu markmiði. Börnin fóru í vettvangsferðir, fundu uppsprettur og skoðuðu skýjafar. Eftir það unnu þau myndverk sem sýndi „Hringrás vatns“. Einnig bjuggu þau til eigin hringrás með því að setja plastpoka yfir fræ sem voru að spíra en þá mynduðust dropar sem féllu niður á moldina og á plönturnar.

- Markmið 3 – Að börnin þekki mismunandi birtingarform vatns

Þessu markmiði var náð með því að skoða orð sem tengjast vatni. Fara og skoða svell bæði í frosti og þíðu. Gera tilraunir með að setja vatn út í frost og taka inn, taka inn snjó og fylgjast með hvað gerðist. Einnig suðum við vatn í katli til að skoða hvernig gufa myndast.

- Markmið 4 – Vinna eftir og klára Erasmus+ verkefnið sem fjallar um lífbreytileika

Haustið 2018 var Skýjaborg boðin þátttaka í Erasmus+ verkefni á vegum Landverndar ásamt leik- og grunnskólum víðsvegar af landinu. Verkefnin tengjast lífbreytileika sem hægt er að útskýra sem líffræðilega fjölbreytni og tekur þannig til fjölbreytileika allra lífverutegunda jarðarinnar, þ.e. plantna, dýra, sveppa og örvera. Á undanförunum árum hefur verið árleg vinna hér í Skýjaborg í kringum ræktun sumarblóma og annarra nytjaplantna ásamt því að útbúa fuglafóður og fóðra smáfugla yfir veturinn. Skólinn var því vel í stakk búin til að vinna verkefnið með Landvernd og þáði boð Landverndar. Tengiliðir verkefnisins voru Sigurbjörg og Eyrún/Guðmunda.

Verkefnið stóð yfir á árunum 2018-2020. Í verkefninu tóku fjöldi leik- og grunnskóla þátt frá Íslandi, Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Unnið var með lífbreytileika á ýmsan hátt, skólarnir útbjuggu verkefni tengd lífbreytileika og sumir einnig snjalltækjum og svo voru verkefnin prófuð í löndunum fjórum. Tengiliðir leikskólans tóku þátt vinnusmiðjum í júní 2019 hér á Íslandi og þá tókum við meðal annars á móti hópnum hér í Skýjaborg og kynntum leikskólann okkar. Einnig fóru tengiliðir úr Skýjaborg til Slóveníu í október 2019 og tóku þátt í vinnusmiðjum þar.

Afrakstur verkefnisins er bókin [Lifandi náttúra – Lífbreytileiki á tækniöld](#).

- Markmið 5 – Gefa smáfuglunum að vetri til

Þetta markmið er orðin fastur liður hjá okkur og börnin eru vel meðvituð um fuglana sem heimsækja okkur á veturna og mikilvægi þess að gefa þeim fuglafóður. Fuglafóðrið útbúum við þannig að hægt er að hengja það í trén. Einnig notum við brauð og ávaxtaafganga sem falla til og gefum þeim.

Eftirlit og endurmat

Verkefnastjórar hafa eftirlitshlutverk með verkefninu og passa upp á að umhverfissjónarmið séu tekin til greina við ákvarðanatöku og í verkefnavinnu. Þetta tímabil hafa Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri og Sigurbjörg Friðriksdóttir, deildarstjóri unnið saman sem verkefnastjórar.

Farið var reglulega yfir markmiðin/aðgerðaráætlunina á starfsmannafundum, staða könnuð og áframhald áætlað. Útbúin hefur verið mánaðartengdur grænfánagátlisti sem kemur að góðum notum til að minna starfsfólk á (Sjá fylgiskjal 4). Á deildarfundum var farið yfir mánaðartengda listann reglulega og það sem átti við var sett inn í mánaðardagatal sem er sett upp fyrir starfsfólk og foreldra sem yfirlit yfir mánuðinn (sjá hér: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/skolastarfid/manadardagatol>). Nýjum starfsmönnum er leiðbeint með verkefnið þegar þeir hefja störf við leikskólann.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Hér fyrir neðan er farið yfir annars vegar þau verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum og hins vegar önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismálum.

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðunum má sjá hér að ofan inn í kaflanum um áætlun um aðgerðir og markmið. Til að sýna sem best hvað var gert til að ná markmiðunum verður vísað í Ársskýrslur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar:

Skólaárið 2019-2020: Tekið úr Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019-2020:

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir sjö fundir í umhverfisnefnd barna og einn í umhverfisnefnd starfsfólks.

Nýtt grænfánatímabil hófst í haust og ný aðgerðaráætlun leit dagsins ljós. Megin þemu nýrrar áætlunar eru vatn og lífbreytileiki. Mesta vinna vetrarins fór í Hob's Adventure verkefnið sem skólinn er þátttakandi í. Við rýndum og gagnreyndum verkefni frá öðrum þátttökupjóðum. Við söfnuðum laufi, skoðuðum heiti plöntuhluta, veltum fyrir okkur ólíkum gerðum af fræjum og bjuggum til fuglafóður. Við veltum því fyrir okkur hvaðan vatn kemur, hvernig við notum vatn, og hvernig við getum sparað vatn. Fórum í gönguferðir og skoðuðum vatn, læk og svell. Við bjuggum til leikinn „Verndum skóginn“.

Í vor settum við niður paprikufræ, tómatafræ, gúrkufræ og eplafræ. Við fylgjumst með vexti og vökvum. Í gróðurkassann úti settum við niður kartöflur, radísu- og spínatfræ.

Alla daga ræðum við endurnýtingu, endurvinnslu, matarsóun og hvernig við spörum pappír og orku. Einnig eru verkefnin sem eru á mánaðartengda grænfánaverkefnalistanum unnin.

Starfsmaður sótti ráðstefnu „Skóla á grænni grein“ sem bar yfirskriftina *Við getum öll haft áhrif* þar sem sérstök áhersla var lögð á loftslagsbreytingar og valdeflingu nemenda í því samhengi.

Tveir starfsmenn fóru til Eistlands þar sem lögð var lokahönd á Hob's verkefnið. Afrakstur verkefnisins rafræn bók hefur að geyma fjöldan allan af náttúrufræðiverkefnum fyrir börn og er opin öllum.

Sigurbjörg Friðriksdóttir, maí 2020

Skólaárið 2020-2021: Verður í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2020-2021:

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir sex fundir í umhverfisnefnd barna og einn í umhverfisnefnd starfsfólks.

Í upphafi hausts fór umhverfisnefnd starfsmanna yfir áherslur vetrarins og þau markmið sem átti eftir að uppfylla í aðgerðaráætlun grænfánans sem sett var fyrir skólaárin 2019-2021. Þannig allir starfsmenn voru meðvitaðir um verkefni vetrarins og áherslur skólans.

Erasmus+ verkefninu var formlega lokið í haust, en í vetur var gefin út bókin [Lifandi náttúra – Lífbreytileiki á tækniöld](#), sem er afrakstur verkefnisins. Unnið var mikið með vatn, börnin veltu fyrir sér hvernig vatn verður til, fundnar voru vatnssuppsprettur og skoðað var stöðuvatn sem er í nálægð við leikskólann. Þá var frostið úti nýtt í tilraunir, vatn sett í ólík ílát með matarlit og olíu, einnig var ýmislegt annað sett út í, s.s. greinar og lauf. Daginn eftir var allt frosið. Ílátin voru tekin inn og fylgst með hvað gerðist þegar klakinn kæmi inn í hitann. Hringrás vatns var rannsökuð og unnið myndverk í tengslum við hana.

Í febrúar settum við niður sumarblómafræ. Við fylgdumst með vexti og vökvuðum. Í gróðurkassann úti er planið að setja niður kartöflur og e.t.v. eitthvað meira í maí.

Tveir starfsmenn sátu fund leikskólastigs – Gæðaskólar á grænni grein, þar sem kynnt var nýtt námsefni, rætt um menntun til sjálfbærni og miðluð góð og praktísk verkefni frá skólum sem eru á grænni grein.

Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann

Önnur fjölbreytt verkefni hafa verið unnin í leikskólanum sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismennt. Í öllu starfi og öllum verkefnum hugum við að því að sjónarmið umhverfisnefndar séu skýr. Ávallt er horft til þess hvort við séum að nota efnivið sem er umhverfisvænstur í verkefnið og hvort við getum farið aðrar leiðir sem eru umhverfisvænni.

Í janúar ár hvert hefur verið rafmagnslaus dagur. Með honum viljum við vekja athygli á orkunotkun og hvernig við getum sparað þessa auðlind. Það er mikil spennan hjá börnunum, leika í rökkrinu og nýta upptrekjanleg vasaljós.

Fuglafóðursgerð er orðinn árviss viðburður hjá okkur. Við erum nú farin að hengja fóðrið í trén svo fuglarnir geti verið meira í friði. Gaman er að fylgjast með fuglunum og höfum við fengið fregnir að því að börnin biðja um að gera fuglafóður heima líka og hafa fjölskyldumeðlimir fengið uppskrift hjá okkur. Auk fuglafóðursgerðinni hafa börnin á Dropanum einnig rifið niður afgangsbrauð og ávexti eftir nónhressingu og sett út á grasflöt fyrir fuglana yfir veturinn. Eftir nokkur skipti voru fuglarnir farnir að bíða í trjánum eftir góðgætinu sem vekur mikla lukku hjá börnunum.

Reglulega fara börn og starfsfólk í gegnum endurvinnslukassann sem kemur úr eldhúsinu. Þar velja börnin þann efnivið sem þau geta og vilja nýta í skapandi starfi og leik. Það sem þau vilja/geta ekki nýtt fara þau með út í endurvinnslutunnu. Þessi liður féll niður í mars 2020 vegna Covid-19 og tókum við hann upp að nýju þegar betur árar.

Á Degi umhverfisins í apríl fara allir út að fegra umhverfi sitt. Við tínum rusl af skólalóðinni og í nágrenni. Tilfinning okkar er að ruslið í kringum okkur er smá saman að minnka á milli ára. Það getur verið að allir séu betur meðvitaðri um að tína upp rusl um leið og þeir sjá það í stað þess að nýta einn dag á ári í það. Það er jákvæð þróun. Nú vor 2021 var hins vegar mikið af einnota grímum, þó erum við úti í sveit, líklega vandamál heimsins í dag.

Síðan haustið 2013 hefur eldri deildin verið með tré í fóstri, fylgst með því vaxa og dafna. Börnin fara reglulega þangað, gera núvitundar- og jógaæfingar.

Við notum tölvupóst, heimasíðu, Karellen og skilaboðatöflu til að koma skilaboðum milli skóla og heimilis. Aldrei eru sendir miðar heim með börnunum. Margir starfsmenn hafa til umráða Ipad og er lögð áhersla á að nota Ipad í stað þess að prenta út gögn.

Í skólasamstarfi elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans hefur umhverfismennt komið mikið við sögu. Þá eru um tvær ferðir yfir árið sem börnin fara í vettvangsferðir út í náttúruna, s.s. skógarferð í Álfholtsskóg og fjöruferð í fjöruna við Grunnafjörð.

Í hópastarfi eru unnin könnunarverkefni þar sem tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni. Börnin velja sjálf viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna. Oft eru þemun tengd umhverfi og náttúru. Verkefnið miðast að því að komið er inn á öll námssvið leikskóla. Síðustu tvö ár hafa börnin til að mynda kannað vatn, kisur, fíla, górállur og líkamann.

Tenging við aðalnámskrá

Tenging við grunnþætti menntunar:

Læsi: Unnið var í hópum þar sem allir voru virkir og miklar samræður áttu sér stað, s.s. á umhverfisnefndarfundum, göngutúrum og í hópastarfi. Í grenndarnámi kynnast börnin orðaforða umhverfisverndar ásamt hugtökum og staðarheitum í nágrenni.

Sjálfbærni: Unnið er að grenndarnámi. Landakort með mynd af börnum og starfsfólki hangir í fataherbergi. Barnahóparnir eiga sér sælureit. Börnin flokka ruslið. Fræðsla um umgengni og virðingu fyrir náttúrunni. Við hirðum rusl sem finnst í náttúrunni. Við leggjum áherslu á að spara vatn, sápu og orku. Við endurnýtum pappír og annað sem til fellur sem hægt er að endurnýta. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Lýðræði og mannréttindi: Börnunum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð, meðal annars í gegnum umhverfisfundi, þar sem þau fá að sjá hvernig fundir virka og hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt.

Jafnrétti: Hlustað er á raddir barnanna í öllum verkefnum og þeim leyft að hafa áhrif. Börnin í leikskólanum eiga jafnan rétt til að taka þátt í öllum verkefnum.

Heilbrigði og velferð: Börnin fara reglulega í jóga, slökun og/eða núvitundaræfingar. Farið er reglulega í göngutúra og vettvangsferðir um nærumhverfið. Börnin fá holla næringu. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Sköpun: Í tengslum við grænfánaverkefnið var unnið að fjölmörgum skapandi verkefnum þar sem megináhersla er á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í þroska barnsins. Börnin velta fyrir sér hvaða efnivið þau geta nýtt úr endurvinnslukassanum og nýta hann gjarnan í skapandi vinnu. Mikil sköpun á sér stað í könnunarverkefnum barnanna.

Tenging við skólanámskrána

Við endurgerð skólanámskrárinnar síðustu ár hafa áherslur umhverfismenntar og sjálfbærnis hafðar að leiðarljósi. Áherslur umhverfismenntar ganga því eins og rauður þráður í gegnum alla skólanámskrána og þannig í gegnum allt skólastarfið.

Að upplýsa og fá aðra með

Leikskólinn er stoltur Grænfánaskóli og er lögð áhersla á að nýta hvert tækifæri til vekja athygli á grænfánaverkefninu. Með reglulegum tölvupóstum bæði frá deildarstjórum og leikskólastjóra fá foreldrar upplýsingar um hin ýmsu grænfánaverkefni sem börnin fást við. Þá fá foreldrar myndir í gegnum leikskólakerfið Karellen.

Umhverfisverkefni leikskólans eru kynnt á heimasíðu skólans. En á heimasíðunni hefur grænfáninn sér síðu þar sem má finna ýmsar upplýsingar um grænfánann, umhverfissáttmála Skýjaborgar, fundargerðir o.fl. Sjá nánar hér:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt>

Þegar aðrir leikskólastarfsmenn koma í heimsókn er vel farið yfir alla umhverfismennt sem leikskólinn vinnur að og hefur unnið að. Covid-19 hefur sett strik í reikninginn þetta grænfánatímabil þar sem foreldrar sem og aðrir hafa ekki verið velkomnir inn í leikskólann stóran hluta af tímabilinu. Við höfum þó eins og við getum sýnt rafrænt frá og upplýst með fréttum á heimasíðunni. Við hefðum gjarnan viljað gera meira en gert var þetta tímabil.

Umhverfissáttmáli

Hér fyrir neðan má sjá umhverfissáttmála Skýjaborgar. Hann er fullorðinsmiðaður og er planið að útbúa einnig eitthvað barnvænna, s.s. sönglag eða slagorð. Stefnan var að gera það þetta tímabil, en ekki var farið í það. Stefnan er því tekin á næsta grænfánatímabil.

Umhverfissáttmáli Skýjaborgar

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að minnka það umhverfisálag sem leikskólinn veldur. Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar, náttúru, dýra- og mannlífi. Okkar umgengni er öðrum til fyrirmyndar.

Þetta gerir starfsfólk með því að:

- ❖ Hugsa áður en við kaupum.
- ❖ Hugsa áður en við hendum.
- ❖ Fara sparlega með orku inni í leikskólanum.
- ❖ Nýta náttúruna til leikja og náms.

Þetta gera foreldrar með því að:

- ❖ Hafa bílinn ekki í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Flokka sorp heima fyrir
- ❖ Fara sparlega með hreinlætisvörur og mælast til að nota ekki efni sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- ❖ Stuðla að því að fara sparlega með raforku, vatn og eldsneyti.

Þetta gera börnin með því að:

- ❖ Passa upp á að ljós séu ekki kveikt þar sem dagsbirta dugir.
- ❖ Nýta náttúrulega hluti sem leikefni.
- ❖ Endurnýta verðlaust efni til að leika með.

Unnin hefur verið áætlun um framkvæmd þessa sáttmála. Áætlunin er endurskoðuð fyrir hvert starfsár og markmið metin.

Lokaorð

Það var jákvæð og áhugaverð reynsla að taka þátt í Erasmus+ verkefninu. Það opnar augu manns að fá að sjá hvernig aðrir leikskólar úti í heimi vinna og við sjáum hvað við höfum það gott úti í sveit með náttúruna í bakgarðinum ef svo má að orði komast. Vatnsþemað sló í gegn hjá börnunum enda ávallt gaman að leika sér með vatn. Það eru einnig mikil forréttindi að geta gengið út í náttúruna og fundið uppsprettur svo nærri leikskólanum.

Margt sem tengist grænfánaverkefninu er orðinn fastur liður í skólastarfinu og er leikskólinn alltaf að bæta við sig þekkingu og takast á við ný verkefni. Ekki er búið að ákveða þemu fyrir næsta grænfánatímabil, en farið verður í þá vinnu núna í maí.

Fyrir hönd Skýjaborgar
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjal 1 – Fundargerðir

Fundargerðir eru hér með í viðhengi. Einnig má finna allar fundargerðir á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt/fundargerdir>

Grænfánafundur 9. maí 2019



Mættir eru: Gunnjóna, Tinna Björt, Heba, Sóley Margrét, Lúkas, Aron Sölvi, Inga Margrét, Arnþór Mikael.

Fundarstjóri: Sigurbjörg býður alla velkomna á grænfánafund.

Efni: Fara yfir gátlista fyrir vatn, orku og lífbreytileika.

Framkvæmd: Byrjað á að skoða merki landverndar. Börnin spurð hvort þau þekki merkið. Þau svöruðu Grænfánaleikskóli og að þau höfðu séð það á leikskólanum okkar.

Farið var yfir gátlistann um vatn og rætt hvað við vissum og vissum ekki um vatn. Eftir þá yfirferð var spurt hvenær fundurinn væri búinn.

Ákveðið að slíta fundi þar sem allir voru orðnir „þreyttir á þessum fundi“ og taka hina listana fyrir á næsta fundi.

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 14. September 2019

Mættir: Agnieszka, Aurelia, Gugga, Guðmunda, Guðrún, Ingibjörg, Kristín Ása, Lilja Gréta, Ragna, Sigurbjörg, Unnur Tedda.

1. Aðgerðaráætlun nýja grænfánans veturinn 2019-2020 kynnt. Markmið að börnin þekki hugtakið vatn og mikilvægi þess fyrir lífríki jarðar.
2. Áherslur vetrarins – Mánaðartengdi gátlistinn kynntur.
3. Umhverfissáttmálinn – kynntur.

Grænfánafundur 25. sept. 2019



Allur Fílahópur var mættur ásamt Sigurbjörgu grænfánastjóra. Það var blautt á og þungbúið þegar lagt var af stað út í náttúruna í leit að fallegum fundarstað. Sólin gerði tilraunir til að komast í gegnum skýin og kasta geislum sínum á polla sem börnin gátu speglað skuggann sinn í.



Hópurinn gekk í átt að Eiðisvatni og fann góðan stein sem létt var að setjast á. Verkefni fundarins var að varpa fram spurningunni hvað er vatn og skrá niður hugmyndir barnanna. Niðurstöður: Sem drekkur. Það búa fiskar. Þar á kolkraubi heima. Sem hafmeyja á heima. Sjór þar sem hvalur á heima. Það er rör í jörðinni sem dregur vatnið þar eru veiddir fiskar

Eftir þessa umræður sagði kennarinn að vatn væri vökvi með enga lykt og ekkert bragð og næstum því litalaus og væri lífsnauðsynlegur öllum lífverum. Minnti svo á að vatn væri besti svalardrykkurinn. Við þetta sköpuðust fjörugar umræður.

Fundi var slitið og fengu börnin að leika sér í mounum, en mest spennandi var að klifra á stóra steininum.

Sigurbjörg grænfánastjóri



Grænfánafundur 28. október 2019

Veðrið var stillt og fallet þegar við fórum að leyta að fundarstað fyrir annan grænfánafund. Það var svolítið frost og næturvindurinn hafði skilið eftir sig snjófúk á gangstéttinni. Ferðinni var heitið að svellinu. Þegar þangað var komið stilltum við okkur upp fyrir myndatöku og veltum fyrir okkur spurningunni „Hvaðan kemur vatnið og af hverju kemur svell“. Börnunum þótti erfitt að svara þessu en þessar hugmyndir komu fram.

Það kemur úr skýjunum.

Rigning.

Bara vatn.

Kemur útaf skýjunum.

Kemur úr fjöllumum.

Veit ekki.

Rigninu.

Flest voru sammála um að svellið væri útaf snjónum og að það væru búið til úr snjó og vatni.



Það var gaman að renna sér á svellinu



Við fundum steina lauf og greinar undir svellinu

Umhverfisnefndarfundir haustið 2019

Fjórir fundir voru haldnir með öllum börnum deildarinnar.

Viðfangsefni fundanna var að prófa verkefni frá öðrum þátttökuskólum Hob's Adventure verkefnisins.

Á fyrsta fundinum fórum við í gönguferð og söfnuðum ólíkum gerðum af laufum, veltum fyrir okkur mismunandi lögun og stærð. Við þurrkuðum lafin, pressuðum og notuðum í verkefnavinnu.



Á öðrum fundi skoðuðum við ólíkar gerðir af fræjum, og veltum fyrir okkur lögun og stærð. Við komumst að því hvernig planta verður til og hvað hún þarf til að lifa af.



Á þriðja fundi fórum við í gönguferð og skoðuðum ólíka plöntuhluta og veltum fyrir okkur heiti þeirra. Allir teiknuðu sína plöntu þegar heim var komið.



Á fjórða fundi bjuggum við til fuglafóður og settum í frysti. Í ferúar notuðum við fuglafóðrið. Við hengdum það í trén fyrir utan skólalaóðina.



Skýjaborg febrúar 2020
Sigurbjörg Friðriksdóttir, verkefnastjóri

Grænfánafundur nóvember 2019

Mættir: Allur Fílahópur

Fundastjóri: Sigurbjörg sem jafnframt skrifar fundagerð.

Við veltum fyrir okkur hringrás vatns, í hvaða formi vatn kemur fyrir og vatnsnotkun í heiminum. Eftir fjörugar umræður veltum við því fyrir okkur í hvað við notum vatn.

Hugmyndir barnanna um í hvað við notum vatn

Til að drekka.

Þvo hendur.

Þvo hluti.

Í sturtu.

Þvo sér.

Þvo kubbna sína.

Þvo úlpuna sína og sokkana.

Þvo allt sem er skítugt.

Stundum í vatnsmálningu og vatnsliti.

Vökva trén og blómin.

Ekki gera kaffið heitt.

Í bað.

Í þvottavélar.

Til að sigla á.

Heitt vatn til að bræða klaka.

Gera kakó heitt.

Grænfánafundur janúar 2020



Mætt eru; Hafsteinn Hrafn, Arnþór Mikael, Sóley Margrét, Inga Margrét, Aron Sölvi, Tinna Björt og Sigurbjörg kennari.

Rætt var um vatnsnotkun í heiminum, um gæði vatns, vatnshreinsistöðvar, vatn á flöskum, svæði þar sem þarf að ganga langar leiðir til að sækja vatn, að vatn komi fyrir í þrennskonar formi og mikilvægi vatns fyrir allar lífverur. Síðan voru hugmyndir barnanna um til hvers við notum vatn skráðar.

Hugmyndir barnanna um í hvað við notum vatn.

Til að drekka. Þvo hendur. Þvo hluti. Í sturtu. Þvo sér.

Þvo kubbana sína. Þvo úlpuna sína og sokkana.

Þvo allt sem er skítugt.

Stundum í vatnsmálningu og vatnstrélti.

Vökva trén og blómin.

Ekki gera kaffið heitt.

Í bað. Í þvottavélar. Til að sigla á.

Heitt vatn til að bræða klaka

Gera kakó heitt.

Grænfánafundur 18. mars 2020

Mætir eru: Aron Sölvi, Arnþór Mikael, Sóley Margrét, Inga Margrét, Gunnjóna, Tinna Björt Sigurbjörg kennari ritar fundagerð.

Fundarefni: Hvernig getum við sparað vatn.

Hugmyndir barnanna

-Með því að geyma það.

-Vera fljót í sturtu.

-Þvo hendur.

-Setja fyrst sápu og vera fljót.

-Það er klósettvatn niðri og svo kemur klóssettvatn ofaná.

-Sápu, nudda og svo kveikja á vatninu.

-Kveikja á vatninu þegar búið er að setja sápu.

-Láta ekki vatnið renna.

-Láta ekki vatnið renna þegar ekki er verið að skola hendur

-Nýta vatnið.

Grænfánafundur – allir starfsmenn - Á skipulagsdegi 10.09.2020

Mættir: Aga, Aurelia, Árdís, Bára, Eyrún, Gugga, Guðmunda, Guðrún, Selma, Sigurbjörg, og Tedda.

Grænfánaskóli - fengum síðasta fána í maí 2019. Stefnum á næsta fána næsta vor.

Elsti árgangur er í umhverfisnefnd ásamt Sigurbjörgu.

Umhverfisnefnd starfsmanna – Allir starfsmenn

Þema þessi tvö árin – Vatn og lífbreytileiki

Áherslur vetrarins – mánaðartengd grænfánaverkefni. Við fylgjum honum eins og við getum.

Aðgerðaáætlun Grænfánans – farið yfir verkefni vetrarins á henni.

Grænfánafundur 7. október 2020

Mætt eru Reynir Snær, Baltasar Aron, Filip Fryderik, Róbert Logi og Tinna María

Fundarstjóri Sigurbjörg

Fundarefni. Fá fram hugmyndir barnanna um hvernig vatn verður til.

Það var dumpungur og frekar lágskýjað þegar við lögðum af stað í leit af vatni. Það hafði rignt um morguninn svo náttúran var frekar blaut. Þegar við fundum vatn settumst við á steina og settum fund. Börnin voru beðin að hugsa í smá stund um það hvernig vatn verður til.

Hugmyndir barnanna voru þessar:

-Í Íslandi í eldgosi.

-Úr skýjum.

-Búið til úr skýjum og kreista laufblöðin.

- Það gufar upp frá sjónum og svo verður það að skýi og svo rignir skýið og fer í vélar og svo heim í krana.
- Úr snjó og rigningu.



Grænfánafundur 27. október 2020

Mætt eru Baltasar Aron, Tinna María, Róbert Logi Marísa Von og Reynir Snær.
Fundarstjóri Sigurbjörg.

Verkefni fundarinnar er að fara í vettfangsferð og finna vatn og uppsprettur.

Það var frekar þungbúið og kalt í veðri þegar við lögðum af stað í áttina að Eiðisvatni sem er stórt stöðuvatn ekki svo langt frá leikskólanum okkar. Í ferðinni fundum við tvo staði þar sem vatn kom upp úr jörðinni. Eftir að hafa rætt aðeins um vatnið og uppspretturarnar lékum við okkur í allskonar leikjum. Við bjuggum til tröppur úr steinum til að komast uppá stóran stein.





Grænfánafundir 5. janúar 2021

Mætt eru: Baltasar, Filip, Tinna María, Marísa, Róbert og Reynir Snær.

Fundarstjóri er Sigurbjörg.

Verkefni fundarinns var fá fram hugmyndir barnanna um hvað gerist þegar rennandi vatn er sett í ílát og það látið út í frost. Öll börnin voru með þá kenningu að vatnið myndi frjósa.

Framkvæmd. Við helltum vatni í ólík ílát. Við settum vatn í glös, í stóra skál og prufuðum að setja með matarlit og olíu til að kanna hvernig það kæmi út. Og við settum vatn í fötu og bættum í allskonar greinum, laufi, könglum og sandi. Þessu komum við fyrir á góðum stað á lóðinni þar sem hægt var að fylgjast með.

Daginn eftir var allt frosið.

Kenning barnanna stóðst.



Grænfánafundur 12. janúar 2021

Mætt eru: Tinna María, Róbert Logi, Reynir Snær og Marísa Von.

Fundarstjóri Sigurbjörg.

Verkefni fundarinns er að skoða hvað gerist þegar við tökum frosið vatn/klaka og förum með inn í hús.


Framkvæmd. Við fórum út og sóttum glösin okkar frá fyrri tilraun. Það var búið að vera frost svo vatnið var ennþá frosið. Við röðuðum glösunum með klakanum í gluggann og ræddum um hvað mögulega gæti gerst.

Tilgátur barnanna voru þessar.

- Þá vatnast það.
- Hættir að festast við botninn.
- Það bráðnar niður í glasinu.
- Það bráðnar.



Næstu daga ætlum við að fylgjast með hvað gerist með klakan í glasinu.



Grænfánafundur 16. mars 2021

Mætt eru: Baltasar, Tinna María, Róbert og Reynir Snær.

Fundarstjóri er Sigurbjörg.

Verkefni fundarinns var fá fram hugmyndir barnanna um hvað þarf að vera til staðar til að Hringrás vatns eigi sér stað.

Hugmyndir barnanna voru þessar:

Sól, vatn, pollar, sjór, foss, gufur, ský, rigning, mold, fjall, jökull.



Að lokum unnu börnin myndverk með Hringrás vatns.

Grænfánafundur 12. apríl 2021

Mætt eru; Reynir Snær, Baltasar Aron, Róbert Logi, Tinna María og Filip Fryderyk, Fundarstjóri: Sigurbjörg

Verkefni fundarins var að fara yfir Umhverfismatið, gátlistann um lífbreytileikann og vatnið.

Framkvæmd.

Kennarinn las upp spurningu, börnin svöruðu og gáfu broskarl ef þau vissu svarið, eða höfðu framkvæmt spurninguna.

Allar spurningarnar og verkefnið fengu broskarl. Undanskilið var þó verkefnið “Að teikna allar plöntur og dýr í umhverfinu okkar” þar gáfum við hvorki broskarl né fýlukarl því við höfum ekki teiknað þau öll, þar settum við x á milli.



Vor 2019



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir **orku** og **vatn** í upphafi nýs Grænánáttímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búlið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5. Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur getu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 9/5 19

Undirskriftir þátttakenda:

Gunnþóra, Tinna Björt, Heba, Söky Margrét, Lukas, Aron Solvi,
Inga Margrét, Auður, Mikael
Kennari: Sigurbjörg

ORKA

	Eru ljósín alltaf slökkt þegar enginn er í herbergjum?			
	Eru ljósín slökkt ef það er bjart úti?			
	Eru notaðar LED eða orkusparandi ljósaperur á leikskólanum?			Vendi að slípa út.
	Sér einhver um að slökka óþarfa ljós?			
	Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun?			
	Er slökkt á öllum raftækjum (ekki sett á svefnstillingu) í lok dags? (eða slökkt á rauða rofanum á fjóltenginu?)			
	Skoðið raftækin á leikskólanum, eru þau orkusparandi? (ísskápur, frystikista, tölvur)?			Ekki þú?
	Er verið að fylgjast með og skrá hvað leikskólinn notar mikla orku?			
	Vitið þið hvaðan rafmagnið okkar á Íslandi kemur?			
	Eru hitastillar á ofnunum á leikskólanum? Er hitastigið á ofnunum lækkað um helgar?			
	Vitið þið að það er hægt að búa til orku sjálfur (t.d. með að núta saman höndum)			

Hvað getur skólinn gert til að minnka orkunotkun? Hvað dettur ykkur í hug?

Taka rafmagn og búa til elnið sér þú.
Passa að kveikja ekki aut of mikið.
Setja kerli
Setja ljós á hausinn
Svona gæta sem ljósi



VATN

	Vitð þið hvað vatn er mikilvægt fyrir fólk? En dýr? En gróður?			Dræka vatn er að vanda sterkt Gróður er að stækka
	Er vatn stundum látið renna að óþörfu úr krönum?			Til að eyða alla vatninu
	Er regnvatni safnað á skólalóðinni svo þið getið leikið ykkur með það eða vökvað blómin/trén?			Bæna þegar er rigning í pollinum
	Hafið þið skoðað hve mikill hluti af jörðinni okkar er vatn? (skoða t.d. hnattlíkan og sjá bláa og hvíta litinn)			
	Þekkið þið muninn á saltvatni (sjó) og ferskvatni?			
	Vitð þið hvaða vatn má drekka og hvað ekki? (t.d. vatn úr pollum með ollubrák, krana, rigningavatn í hreinu láti?)			Ekki í smálaginu heilipott klóseti
	Notið þið mikið vatn á hverjum degi? (salerni, hreinlæti, drykkjarvatn, matargerð)?			
	Hvar getum við fundið vatn á jörðinni okkar? (sjór, ár, vötn, jöklar, jarðvegur, gufa)			
	Getið þið valið um lítinn takka eða stóran takka þegar þið sturtið úr klósettinu?			
	Haldið þið að allir á jörðinni geti fengið sér vatn að drekka eins auðveldlega og við getum á Íslandi?			
	Hafið þið gert tilraunir með vatn, t.d. skoðað ólík form s.s. bræða snjó, klaka, frysta vatn, sjóða vatn o.fl.			

Hvað getur skólinn gert til að minnka vatnsnotkun? Hvað dettur ykkur í hug?

passa að fara alla uppfyllir kúna í glasinu
lata alla vatnið renna í vaslinum



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat fyrir lífbreytileika í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

Dagsetning: 15/5 19

Undirskriftir þátttakenda:

LÍFBREYTTILEIKI

 Lærið þið um dýr og plöntur á leikskólanum?			
 Gerið þið eitthvað til að laða meira dýralíf að leikskólalóðinni (fuglahús, pöðduhótel, fuglum gefið, dýr á lóðinni?)			Fuglamat
 Vitið þið hvaða dýrategundir er að finna í bænum ykkar?			
 Farið þið í fjöruferð og skoðið allskonar sjávarplöntur og dýr?			
 Dettur ykkur í hug einhver dýr sem eiga heima á Íslandi? En dýr sem eiga heima í útlöndum?			
 Getið þið fundið fjölbreyttan gróður á leikskólalóðinni? En í bænum ykkar? (t.d. blóm, tré, runna, gras)			
 Er gróður í nærumhverfi sem þarf að hlúa að og passa?			hlið tré í stundnaðar-ekskursi
 Getið þið gert eitthvað til að passa dýrin sem búa á leikskólalóðinni eða nálægt henni?			Fuglamat gefa þeim mat
 Eruð þið með eitthvað svæði í fóstri og passið sérstaklega vel uppá? (Flag í fóstur, tré í fóstur, kjarr í fóstur?)			
 Eruð þið búin að teikna allar plöntur, pöddur, fuglar og dýr sem búa í umhverfi okkar?			Fugla

Hvað er hægt að gera til að auka lífbreytileika?

Klappa dýrunum og vera góð við þau og knúsa þau.
 Ekki skemma tré, blóm, gras.
 Vökva blóm og tré og gras.
 Ekki hafa málavæðu.
 Ekki hafa rus í náttúrunni. Ekki borða og henda þvi, selja á ruslökunum.



Fylgiskjal 3 – Gátlisti - vor 2021

VATN

Vitið þið hvað vatn er mikilvægt fyrir fólk? En dýr? En gróður? Til að lifa ☺			Drekka vatn til að vera sterkur Gróður til að stækka
Er vatn stundum látið renna að þörfu úr krömunum? Nei ☺			Til að eyða alla vatninu
Er regnvatni safnað á skólalóðinni svo þið getið leikið ykkur með það eða vökvað blómín/trén? Já ☺			Bæna þegar er rigning í pottinum
Hafið þið skoðað hve mikill hluti af jörðinni okkar er vatn? (skoða t.d. hnattlíkan og sjá bláa og hvíta litinn)			
Þekkið þið muninn á saltvatni (sjó) og ferskvatni? Það er ekki sama ☺			
Vitið þið hvaða vatn má drekka og hvað ekki? (t.d. vatn úr pöllum með olubrák, krana, rigningavatn í hreinu láti?)			Ekki í smálaginu í hálspott bláa
Notið þið mikið vatn á hverjum degi? (salerni, hreinlæti, drykkjarvatn, matargerð)?			
Hvar getum við fundið vatn á jörðinni okkar? (sjór, ár, vötn, jöklar, jarðvegur, gufa)			Sjó, latur ár, gufa, rigning, snjór
Getið þið valið um lítinn takka eða stóran takka þegar þið sturtið úr klósettinu?			
Haldið þið að allir á jörðinni geti fengið sér vatn að drekka eins auðveldlega og við getum á Íslandi?			
Hafið þið gert tilraunir með vatni, t.d. skoðað ólík form s.s. bræða snjó, klaka, frýsta vatni, sjóða vatn o.fl. Já ☺			

Hvað getur skólinn gert til að minnka vatnsnotkun? Hvað dettur ykkur í hug?

passa að fara ekki upp fyrir línuna í glásum láta ekki vatnið renna í vaskinum



LÍFBREYTLLEIKI

Lærið þið um dýr og plöntur á leikskólanum? ☺			
Gerið þið eitthvað til að laða meira dýralíf að leikskólalóðinni (fuglahús, pödduhótel, fuglum gefið, dýr á lóðinni)? ☺			Fuglamat
Vitið þið hvaða dýrategundir er að finna í bænum ykkar? ☺			
Farið þið í fjöruferð og skoðið allskonar sjávarplöntur og dýr? ☺			
Dettur ykkur í hug einhver dýr sem eiga heima á Íslandi? En dýr sem eiga heima í útlöndum? ☺			
Getið þið fundið fjölbreyttan gróður á leikskólalóðinni? En í bænum ykkar? (t.d. blóm, tré, runna, gras) ☺			
Er gróður í nærumhverfi sem þarf að hlúa að og passa? ☺			Hitið tré í skólanum-ekki okki
Getið þið gert eitthvað til að passa dýrin sem búa á leikskólalóðinni eða nálægt henni? ☺			Fuglamat gefa þeim mat
Eruð þið með eitthvað svæði í fóstri og passið sérstaklega vel uppá? (Flag í fóstur, tré í fóstur, kjarr í fóstur?) ☺			
Eruð þið búnir að teikna allar plöntur, pöddur, fuglar og dýr sem búa í umhverfi okkar? ☺			Fugla

Hvað er hægt að gera til að auka lífbreytileika?

Þlappa dýrunum og vera góð við þau og knúsa þau.
Ekki skemma tré, blómur, grasið.
Vökva blóm og tré og gras.
Ekki hafa málavæðing.
Ekki hafa rusl í náttúrunni. Ekki bórð og
henda þúi, selja í ruslökunum.



Ekki rífa plöntur

Ekki rífa tré, þau gefa okkur skugga

Ekki rífa mós

Ekki gera gat á jörðina, búa í sandkrossum

Ekki gera gítkur fyrir (þróa) mannteltið

Ekki setja mikið sand á jörðina

Ekki málavæðing

Ekki henda rusli



Grænfánverkefni skólaárið 2019-2020

Meginverkefnið er útivera, gönguferðir og umhverfisnám

Alla daga hugum við að endurnýtingu, endurvinnslu og matarsóun. Við spörum pappír, rennandi vatn og orku

Ágúst: Gönguferðir, jóga, leynistaður, ber, fiskabúr

Sept: Gönguferðir, haustlitir, lauf, umgengni við náttúruna, réttir, dagur íslenskrar náttúru, lífbreytileiki

Okt: Könnunarverkefni, nærumhverfið, grænfánaverkefni/vatn

Nóv: Jólagjafir, endurvinnanlegur efniviður

Des: Vinátta, kærleikur, jóga í 100ekruskógi

Jan: Fuglafóður, gönguferðir

Feb: Könnunarverkefni, sáning, grænfánaverkefni/vatn,

Mars: Prikkla, úti jóga, 100ekruskógur

Apríl: Dagur umhverfisins, tína rusl búa til listaverk,

Mái: Farfuglar, sveitaferð, umferðarreglur

Júní: Gróðursetning, moltugerð, pappírsgerð